

Klifshagi 1 og 2	20%
Leifsstaðir	10%
Ærlækur og Víðines	7%
Hafrafellstunga 1 og 2	13%
Gilsbakki	6%
Gilhagi	6%
	<hr/>
	100%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

20. nóvember 1973.

Nr. 337.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 10. desember 1973 tekur gildi breyting við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránum um 14.1%. Jafnframt fellur úr gildi 10.6% hækkun, er tók gildi 20. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

20. nóvember 1973.

Nr. 338.

REGLUGERÐ

um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Almenn ákvæði um lyfseðla.

Lyfseðill er lyfjaávisun læknis, tannlæknis eða dýralæknis, er lækningaleyfi hefur hér á landi. Lyfseðill skal vera dagsettur og undirritaður eigin hendi læknis (dýralæknis, tannlæknis). Dýralæknum er þó einungis heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga (sbr. 12. gr.) og tannlæknum nánar tilgreindum lyfjum (sbr. 13. gr.). Svípta má lækni rétti til þess að ávísa tilgreindum ávana- og fíknilyfjum (sbr. 23. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969).

Einungis lyfsalar (sbr. 5. gr.) og aðrir lyfsöluleyfishafar (héraðslæknar, þar sem ekki er lyfjabúð, og dýralæknar) mega afhenda lyf gegn lyfseðli. Vegna eftirlits lyfsala og annarra lyfsöluleyfishafa með að lyfjaávisanir séu gefnar út í sam-